



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 30. október 2025

MSS25100008

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samræmda starfsdaga leik- og grunnskóla innan borgarhverfa

Á fundi borgarráðs, 2. október 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að starfsdagar leikskóla verði skipulagðir til samræmis við starfsdaga grunnskóla innan sérhvers borgarhverfis. Þannig megi fækka þeim starfsdögum sem fjölskyldur þurfa að mæta sem eiga börn á ólíkum skólastigum.

Svar:

Samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um leikskóla og grunnskóla skulu þrír starfsdagar á skólaári vera sameiginlegir í leik- og grunnskólum. Þetta kemur meðal annars fram í grein 1.b í reglum um leikskólaþjónustu. Þar segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Í kjarasamningum kennara kemur fram að undirbúningsdagar séu fimm talsins á starfstíma skóla.

Sá háttur hefur verið hafður á að leik- og grunnskólar í hverju hverfi innan hvers borgarhluta Reykjavíkur samræma þrjá starfsdaga þegar skóladagatal er unnið að vori fyrir komandi skólaár. Stjórnendur leik- og grunnskóla ákveða í sameiningu hvaða dagar verða fyrir valinu á árlegum sameiginlegum fundi. Þannig er leitast við að koma til móts við fjölskyldur innan hverfis. Einnig hefur verið haldinn sameiginlegur starfsdagur þriðja hvert ár fyrir alla starfsmenn grunnskóla, leikskóla og frístundastarfs, svokallað Menntastefnumót. Á menntastefnumóti sækir allt starfsfólk skóla- og frístundasviðs sér fræðslu og endurmenntun. Á þeim degi eru börn í grunnskólum, frístundastarfi og leikskóla í fríi í allri Reykjavík.

Verði allir starfsdagar á skóladagatali samræmdir getur það haft áhrif á sjálfstæði menntastofnana við að skipuleggja skólastarfið út frá aðstæðum og þörfum hvors skólastigs. Margir starfsstaðir eru með ákveðnar hefðir, venjur og menningu sem skipulag skóladagatalsins styður við. Það gæti því verið flókið að finna dagsetningar sem



Reykjavík



allir geta sætt sig við. Hafa ber í huga að um töluverðan fjölda starfsstaða innan hvers borgarhluta er að ræða. Það eru til dæmis 14 grunnskólar og 22 leikskólar í austurhluta borgarinnar. Ef til þess kæmi væri mikilvægt að ákveða hvernig sameiginlegir starfsdagar yrðu valdir í hverjum borgarhluta.

Kostir þess að vera með starfsdaga sameiginlega í leik- og grunnskólum er að þá geta foreldrar skipulagt sameiginleg frí með börnum sínum og væri þá eflaust ákjósanlegt að slíkir sameiginlegir starfsdagar væru á föstudögum eða mánudögum til að lengja helgarfrí. Einnig er hægara um vik fyrir fagskrifstofu að skipuleggja endurmenntun og fræðslu þvert á starfsstaði. En einnig þarf að huga að starfsfólkinu. Fjölmargir foreldrar leik- og grunnskólabarna starfa á báðum skólastigum og því viðbúið að starfsfólk í þessari stöðu geti ekki mætt til starfa á starfsdögum. Starfsdagar eru mikilvægur liður í starfi leik- og grunnskóla en þar fer meðal annars fram endurmenntun kennara og starfsfólks, endurmat á starfinu, undirbúningur, stefnumótun og ýmis starfsþróun.

Það er mikilvægt að skóla- og frístundasvið tryggi það eftir bestu getu að starfsfólk geti mætt til vinnu á starfsdögum og því teljum við ekki æskilegt að allir starfsdagar verði gerðir sameiginlegir á skóladagatali að svo stöddu.

